

2022-11-17

Gerður Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri
Brúar lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga

Tillaga um endurgreiðsluhlutfall árið 2023 vegna réttindasafns Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar í B-deild Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga.

Samþykktir sjóðsins innihalda ákvæði um skyldu aðildarstofnana til endurgreiðslu á hluta lífeyris. Ákvæðið er nú svohljóðandi :

“34.3. Sveitarfélög og aðrir aðilar sem tryggt hafa starfsmenn í B-deild skulu endurgreiða sjóðnum mánaðarlega tiltekið hlutfall af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna í B-deild.

34.4. Endurgreiðsluhlutfall skal ákveða árlega sérgreint fyrir hvert réttindasafn. Bæjarstjórn í því sveitarfélagi þar sem upprunasjóður réttindasafns starfaði ákveður endurgreiðsluhlutfall réttindasafnsins að fenginni tillögu tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að endurgreiðsla ásamt innborguðum iðgjöldum gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði réttindasafnsins og upprunasjóðs þess ef miðað er við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtunin hefði náðst allan rekstrartíma og útreiknað endurgreiðsluhlutfall verið í gildi og til framtíðar reiknað með gildandi tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur. Bæjarsjóður og viðkomandi stofnanir sem tryggt hafa starfsmenn í sjóðnum skulu endurgreiða sjóðnum mánaðarlega tiltekinn hundradshluta af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna. Bæjarstjórn ákveður hundradshluta þennan til eigi skemmri tíma en til eins árs í senn að fenginni umsögn tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að endurgreiðsla ásamt innborguðum iðgjöldum miðað við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtun hefði náðst allan rekstrartímann og útreiknað endurgreiðsluhlutfall verið í gildi. Til framtíðar skal reiknað með tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur sem gildandi eru á hverjum tíma.”

Aflað var upplýsinga úr ársreikningum Lífeyrissjóðs starfsmanna Akraneskaupstaðar frá 1957-2013 og Brúar lífeyrissjóðs árin 2013-2021 um greiðslu iðgjalda, lífeyris og kostnaðar og nauðsynlegt endurgreiðsluhlutfall reiknað miðað við niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar sem gerð var miðað við lok ársins 2021. Var niðurstaðan að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum reiknist nauðsynlegt endurgreiðsluhlutfall samkvæmt þessu ákvæði 67%.

Forsendur útreikninga við lok árs 2022 munu verða hinar sömu og var við lok árs 2021 og er því gerð tillaga um að endurgreiðsluhlutfall verði óbreytt árið 2023 frá því sem var 2022, eða **67%**.

Virðingarfyllst,

Bjarni Guðmundsson